



Reglur um afslátt af leikskóla- og/eða frístundagjöldum

1. gr. Markmið

Reglur þessar eiga við um skólagjöld í leikskólum og/eða frístundagjöldum hjá Akureyrarbæ. Akureyrarbær veitir foreldrum/forsjáraðilum sem eru undir ákveðnum tekjuviðmiðum afslátt af skólagjöldum og frístundagjöldum með það að markmiði að koma til móts við fjölskyldur með ung börn í sveitarfélaginu. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda.

2. gr. Skilyrði

Afsláttur af skólagjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2024 – 31. ágúst 2024 er veittur á grundvelli skattframtals 2023 vegna tekna ársins 2022. Til þess að eiga rétt á að tekjutengdum afslætti þurfa heildartekjur skv. lið 2.7 og fjármagnstekjur skv. lið 3.11 að vera samtals lægri en 8.051.999 kr hjá einstæðum foreldrum/forsjáraðilum en 12.078.200 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Afsláttur er þrepaskiptur sem hér segir og gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2024 – 31. ágúst 2024:

Afsláttur	Einstaklingar		Sambúðarfólk	
	Neðri mörk	Efri mörk	Neðri mörk	Efri mörk
75%	-	5.171.999	-	7.757.999
50%	5.172.000	6.611.999	7.758.000	9.917.999
25%	6.612.000	8.051.999	9.918.000	12.077.999
0%	8.052.000	-	12.078.000	-

Tekjuviðmið verða uppfærð árlega og taka þau gildi frá og með 1. september ár hvert. Sækja þarf því um tekjutengda afslætti árlega með nýjustu upplýsingum úr skattframtali. Dæmi: Skattframtal 2024 vegna tekna ársins 2023 gildir fyrir tekjuviðmið tímabilsins 1. september 2024 – 31. ágúst 2025.

Skattaupplýsingarnar verða hvergi geymdar en starfsmenn fjársýslusviðs Akureyrarbæjar vinna með upplýsingarnar og munu tryggja að foreldrar/forsjáraðilar muni fá tekjutengdan afslátt af leikskólagjöldum og/eða frístundagjöldum á reikningum, ef skilyrði um tekjutengdan afslátt eru uppfyllt.

3. gr.
Breyttar aðstæður

Gera má ráð fyrir að aðstæður fólks geti breyst á miðju ári og taka þurfi tillit til breyttra aðstæðna, s.s. tekjumissis, fráfalls eða skilnaðar. Lagt er til að öll frávik verði skoðuð í samráði forstöðumanns á fjársýslusviði og verkefnastjóra skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs og metin út frá sömu forsendum. Mikilvægt er að bregðast megi við breyttum aðstæðum fólks og umsóknarferli um slíkt sé ekki of íþyngjandi

4. gr.
Umsókn

Sótt er um afslátt í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar *Beiðni um afslátt af leikskóla- og frístundagjöldum*. Í umsókninni slær umsækjandi inn upplýsingar um tekjur af skattframtali skv. lið 2.7 og fjármagnstekjur skv. lið 3.11 auk þess að hlaða inn skattframtali sínu og maka ef við á. Þar með samþykkir umsóknaraðili að veita Akureyrarbæ heimild til að kanna tekjur skv. skattframtalinu. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

5. gr.
Afgreiðsla

Umsókn um beiðni um afslátt af leikskóla- og frístundagjöldum þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar svo afslátturinn komi til frádráttar á reikningum fyrir leikskólagjöld og/eða frístundagjöld í næsta mánuði á eftir umsókn, enda séu skilyrði uppfyllt samkvæmt reglum þessum.

6. gr.
Gjaldskrá

Upplýsingar um gjaldskrá Akureyrarbæjar má finna í viðkomandi [gjaldskrá](#) á vefsíðu sveitarfélagsins.

7. gr.
Leiðréttingar

Ef veittir eru afslættir á röngum forsendum eða umfram það sem þessar reglur segja til um, áskilur Akureyrarbær sér rétt til leiðréttingu gjalda, m.a. í tilvikum þar sem leiðrétting kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til afsláttar.

**8. gr.
Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2024.

Samþykkt í fræðslu- og lýðheilsuráði 27. nóvember 2023

Samþykkt í bæjarráði 30. nóvember 2023

Samþykkt í bæjarstjórn 5. desember 2023